

Viðauki B



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Niðurstöður úr samráði PFS um frumdrög að
greiningu á heildsölumarkaði útsendingarþjónustu
fyrir útvarpssendingar til notenda
(Markaður 18)**

8. desember 2008

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. ALMENNAR ATHUGASEMDIR	3
3. ALMENN LÝSING Á ÚTVARPSMARKAÐNUM.....	3
4. SKILGREINING OG AFMÖRKUN ÞJÓNUSTUMARKAÐA	4
5. LANDFRÆÐILEGUR MARKAÐUR	4
6. GILDANDI REGLUR UM AÐGANG AÐ ÚTVARPSDREIFIKERFUM.....	5
7. ÞRÖSKULDUR FYRIR FYRIRFRAM (EX ANTE) KVAÐIR	6

1. Inngangur

Í þessu skjali er að finna samantekt á þeim svörum og athugasemdum sem bárust vegna samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um frumdrög að greiningu á markaði 18, sem er heildsölumarkaður útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar til notenda. Frumdrögin voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs með bréfi, dags. 25. júní 2008 og birt á vefsíðu PFS á sama tíma. Lokafrestur til að skila athugasemdum var til 3. september 2008.

Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin innan tilskilins frests:

- Og fjarskipti ehf. - hér eftir nefnt Vodafone
- Samkeppniseftirlitið

Í eftirfarandi umfjöllun eru athugasemdirnar flokkaðar saman eftir efni, köflum og málsgreinum. Reynt hefur verið að greina allar þær athugasemdir sem skiptu máli og svara þeim. Í lok umfjöllunar um hverja athugasemd er stutt samantekt á afstöðu PFS og afgreiðslu. Þær athugasemdir sem bárust er að finna á heimasíðu PFS.

2. Almennar athugasemdir

Samkeppniseftirlitið beinir athugun sinni eingöngu að skilgreiningu á viðkomandi þjónustu- og vörumarkaði og landfræðilegum markaði og þeim þáttum sem ætla má að hafi áhrif við mat á markaðsstyrk fyrirtækja á einstaka markaði. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við þá þætti dragana sem það tók til skoðunar og telur að greiningin að þessu leyti sé vel unnin og þjóni markmiðum sínum. Samkeppniseftirlitið tekur fram að lokum að eðli málsins samkvæmt þá sé það ekki bundið af þeirri aðferðafræði og þeim ályktunum sem koma fram í drögum PFS, við meðferð þess á málum sem varða umrædda markaði í framtíðinni.

Afstaða PFS

Athugasemdir Samkeppniseftirlitsins styðja niðurstöður PFS varðandi þau atriði sem fjallað er um í athugasemdunum. Þær gefa því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Vodafone telur að PFS hafi greint viðkomandi markaði í samræmi við tilmæli ESA og leiðbeiningar ESA um markaðsgreiningu.

Afstaða PFS

Þessi athugasemd Vodafone styður niðurstöður PFS í markaðsgreiningunni. Hún gefur því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

3. Almenn lýsing á útvarpsmarkaðnum

Vodafone er í megindráttum sammála lýsingu PFS á útvarpsmarkaðnum en telur þó nauðsynlegt að gera örfáar athugasemdir. Fyrsta athugasemdin varðar ekki eingöngu kafla 2 heldur einnig fleiri kafla. Í nokkrum tilvikum t.a.m. með mynd 2-1, 2-2 og 2-3 og einnig mynd 6-2 og 6-3 er ekki getið heimilda. Vodafone telur það er mjög mikilvægt við birtingu á

töflum og myndum sem þessum að tekið sé fram hvaðan upplýsingarnar séu fengnar til að hægt sé að taka afstöðu til áreiðanleika þeirra.

Afstaða PFS

PFS mun uppfæra drög að greiningu á viðkomandi markaði með hliðsjón af framkomnum athugasemdum. Þar á meðal verður bætt við tilvitnunum þar sem þær vantaði í frumdrögin. Heimildir sem viðkomandi myndir eru byggðar á eru í mörgum tilvikum gögn frá PFS, en einnig er um að ræða upplýsingar úr skýrslu nefndar menntamálaráðherra frá árinu 2005 um íslenska fjölmiðla og í einu tilviki er um að ræða mynd frá Vodafone af uppbyggingu sjónvarpskerfis fyrirtækisins.

Vodafone gerir athugasemd við umfjöllun í málsgrein 64. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að uppfæra upplýsingar um að 365 og Teymi hf. séu skráð í OMX kauphöll í ljósi ákvarðana hluthafa um að afskrá félögin. Í öðru lagi gerir Vodafone athugasemdir við orðalagið “nokkur tengsl eru á milli félaganna gegnum eignarhald”. Vodafone telur þetta ekki viðeigandi orðalag og gefur í skyn mun meiri tengsl er raunverulega eru á milli félaganna. Staðan er einungis sú að nokkrir af hluthöfum í Teymi eru einnig hluthafar í 365. Að öðru leyti er um tvö óskýld félög að ræða.

Afstaða PFS

PFS mun gera grein fyrir afskráningu félaganna úr kauphöllinni í uppfærðri greiningu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem aðgengilegar eru á vefsíðum félaganna er sama félag þ.e.a.s. Baugur Group hf. langstærsti hluthafinn í báðum félögunum, með u.þ.b. fjórðungshlut í hvoru félagi. PFS telur það því ekki óviðeigandi að segja að nokkur tengsl séu á milli félaganna gegnum eignarhald. Í þessu orðalagi fellst engin ályktun um það hvort eignarhaldið hafi einhver áhrif á hegðun félaganna.

4. Skilgreining og afmörkun þjónustumarkaða

Vodafone telur að skilgreining og afmörkun PFS á viðkomandi þjónustumörkuðum sé rétt og að ekki sé nauðsynlegt að kanna aðra markaði.

Afstaða PFS

Þessi athugasemd Vodafone styður niðurstöður PFS í markaðsgreiningunni. Hún gefur því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

5. Landfræðilegur markaður

Vodafone er sammála landfræðilegri afmörkun á viðkomandi þjónustumörkuðum.

Afstaða PFS

Þessi athugasemd Vodafone styður niðurstöður PFS í markaðsgreiningunni. Hún gefur því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

6. Gildandi reglur um aðgang að útvarpsdreifikerfum

Vodafone telur að ákvarðanir samkeppnisyfirvalda hafi skilað að mörgu leyti viðunandi árangri og hafa að minnsta kosti tryggt aðgang að sjónvarpsefni, hins vegar skorti ákveðna eftirfylgni með ákvörðun um samruna Símans og Skjásins nr. 10/2005. Bent er á að skv. ákvörðuninni sé Skjánum einungis til 1. júlí 2007 heimilt að setja skilyrði um að sjónvarpsmerki þeirra skuli dreift um afruglunarbúnað (myndlykill) félagsins. Sjónvarpsmerki Skjásins sé þó enn dreift í gegnum myndlykil Símans sem eingöngu er hægt að nota með beini (router) Símans. Auk þessa er eingöngu hægt að nálgast sjónvarpsþjónustu Skjásins í gegnum ADSL kerfi Símans en Síminn hefur borið því við að vegna tæknilegra örðugleika sé ekki hægt að nota annan beini með myndlykli Símans en beini Símans. Þess vegna geta önnur fjarskiptafyrirtæki sem selja ADSL tengingar ekki notað eigin tengingar til að flytja sjónvarpsþjónustu Skjásins. Það var einungis eftir að fyrir lá bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2005 sem Síminn hóf að heimila öðrum fyrirtækjum að endurselja ADSL tengingar fyrirtækisins sem gerði það að verkum að viðskiptavinir þurftu ekki að kaupa ADSL hjá Símanum til að fá aðgang að sjónvarpsþjónustu Símans. Framangreint ástand er enn viðvarandi og er nú farið að hafa veruleg áhrif á ADSL markaði og samkeppnishæfni fyrirtækja á þeim markaði. Vodafone vill í þessu sambandi minna á ákvarðanir PFS nr. 8/2008, dags. 18. apríl sl., og nr. 15/2008, dags. 18. júlí sl., þar sem mælt er fyrir um að Símanum sé skylt að veita fjarskiptafyrirtækjum að lágmarki 35% afslátt af öllum ADSL tengingum sem þau kaupa í heildsölu ef þau uppfylla skilyrði um endursölu á 75 tengingum. PFS tekur jafnframt fram í síðargreindri ákvörðun að Símanum sé óheimilt að láta virðisaukandi þjónustu eins og sjónvarpsþjónustu hafa áhrif á verðlagningu á bitastraumi til endursöluáðila. Síminn hefur enn ekki veitt umræddan 35% afslátt. Síminn hefur í tengslum við beiðnir Vodafone um að fá umræddan afslátt farið fram á það að Vodafone greiði fyrir þann búnað sem Síminn afhendir viðskiptavinum sem nota ADSL tengingar sem Vodafone er að endurselja frá Símanum til að kaupa sjónvarpsþjónustu hjá Símanum. Það er ljóst af þessu að Síminn er enn að tvíanna saman þessar tvær þjónustur og ætlast nú til þess að Vodafone niðurgreiði sjónvarpsþjónustuna með kaupum sínum á ADSL tengingum frá Símanum til endursölu. Vodafone lítur svo á að PFS þurfi að tryggja það að þessi samvinnun eigi sér ekki stað og að aðgangur að sjónvarpsþjónustu sé ekki samkeppnishindrun.

Afstaða PFS

Þau vandamál sem Vodafone lýsir í athugasemdum sínum varða að mestu leyti meinta hegðun Símans á markaði fyrir breiðbandsaðgang og meinta hegðun Skjásins á markaði fyrir sjónvarpsefni. Svo virðist sem stjórnvöld hafi þegar tekið á ofangreindum vandamálum. Samkeppnisyfirvöld hafa tekið ákvarðanir um aðgang að sjónvarpsmerki¹ og PFS hefur tekið ákvarðanir um aðgang að og verðlagningu á ADSL þjónustu í heildsölu.² Í ákvörðun PFS nr. 15/2008 er tekið fram með skýrum hætti að pakkalausnir smásölu Símans sem innihalda ADSL og sjónvarpsþjónustu skuli ekki hafa áhrif á verðlagningu ADSL þjónustu í heildsölu og því beri Símanum að veita afslátt þar sem það á við án tillits til þess hvort viðkomandi endanotandi er einnig að kaupa sjónvarpsþjónustu eða ekki. Hvernig eftirfylgni með þessum ákvörðunum gengur fyrir sig er ekki umfjöllunaratriði í greiningu á markaði 18. Það verður því ekki séð að þessar athugasemdir Vodafone geti leitt til breytinga á fyrirbyggjandi frumdrögum að markaðsgreiningu.

¹ Sjá ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 10/2005 og bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2005.

² Sjá ákvarðanir PFS nr. 8 og 15/2008

7. Þröskuldur fyrir fyrirfram (ex ante) kvaðir

Vodafone er sammála niðurstöðu PFS um að ekki séu til staðar miklar og viðvarandi aðgangshindranir að markaði útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum.

Vodafone er sammála niðurstöðu PFS um heildsölumarkað fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum. Vodafone telur að ekki sé nauðsynlegt að leggja kvaðir á þennan markað í ljósi þess að hliðrænt kerfi er á útleið og þangað til eiga samkeppnisreglur að duga til að leysa þau vandamál sem upp geta komið á þessum markaði.

Vodafone er sammála niðurstöðu PFS um að kostnaður við að koma sér upp dreifikerfi skapi aðgangshindrun á heildsölumarkaði útsendingarþjónustu fyrir stafrænt sjónvarp á þráðlausum netum. Vodafone telur eðlilegt við mat á mögulegri samkeppni að horft sé ekki eingöngu á þráðlaus net heldur einnig fastlínukerfi. Vodafone telur alveg ljóst að útsendingarþjónusta fyrir stafrænt sjónvarp á fastlínunetum skapi samkeppnislegan þrýsting á viðkomandi heildsölumarkaði. Þá er Vodafone sammála því að samkeppnisreglur dugi til að leysa hugsanleg vandamál á viðkomandi markaði.

Vodafone er sammála niðurstöðu PFS um að aðgangshindranir séu á heildsölumarkaði útsendingarþjónustu fyrir stafrænt sjónvarp á fastanetum og að samkeppni geti verið væntanleg. Varðandi það hvort samkeppnisreglur dugi til að leysa hugsanleg vandamál á viðkomandi markaði þá vísar Vodafone til þess sem fram kom hér að framan í umfjöllun um gildandi reglur um aðgang að útvarpsdreifikerfum.

Vodafone er í megindráttum sammála niðurstöðum PFS og telur að ekki sé tilefni til að leggja kvaðir á þá markaði sem skilgreindir hafa verið undir markaði 18 svo framarlega sem PFS getur tryggt með álagningu kvaða á öðrum mörkuðum að Síminn geti ekki tvinnað saman ADSL þjónustu og sjónvarpsþjónustu og búið með því til samkeppnishindranir.

Afstaða PFS

Athugasemdir Vodafone varðandi þetta atriði styðja niðurstöður PFS í markaðsgreiningunni. Athugasemdirnar gefa því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar, að öðru leyti en að því er varðar tengslin á milli breiðbandsþjónustu og sjónvarpsþjónustu, en um það atriði vísast til kafla 6 hér á undan.